



Reykjavík, 4. mars 2024

FAS24030007

Borgarráð

### **Erindisbréf fyrir áhættunefnd Reykjavíkurborgar**

Lagt er til að áhættunefnd Reykjavíkurborgar verði skipuð í samræmi við hjálagt erindisbréf. Gert er ráð fyrir að nefndin verði skipuð borgarstjóra, formanni borgarráðs, borgarritara og sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs. Starfsmaður nefndarinnar verði áhættustjóri sem fer fyrir áhættustýringu A-hluta Reykjavíkurborgar og ber ábyrgð á innleiðingu áhættustefnu og framkvæmd áhættustýringar þvert á svið og skrifstofur.

#### *Greinargerð:*

Stofnun áhættunefndar er í samræmi við samþykktu áhættustefnu Reykjavíkurborgar, en mikilvægt er að áhættunefnd sé komið á fót, sem hefur það hlutverk að styðja við áhættustjóra og umboð hans innan borgarinnar. Nefndin hafi það hlutverk að setja viðmið og mælikvarða og vakta helstu áhættur borgarinnar. Hún fjalli um skýrslur áhættustjóra og áhættumöt meginferla og upplýsir borgarráð og borgarstjórn um helstu áhættur sem geta komið í veg fyrir að stefnumörkun nái fram að ganga í rekstri og þjónustu borgarinnar.

Einar Þorsteinsson  
borgarstjóri

Hjálagt:  
Erindisbréf áhættunefndar Reykjavíkurborgar.



## ERINDISBRÉF

### Áhættunefnd Reykjavíkurborgar

#### Ábyrgðaraðili:

Borgarstjórinn í Reykjavík

#### Markmið:

Að tryggja framgang áhættustefnu Reykjavíkurborgar. Í því felst að tilgangur með áhættustefnu nái fram að gagna, sem er að styrkja og festa í sessi áhættustjórnun og innra eftirlit með heildstæðum hætti í rekstri og starfsemi borgarinnar, ná fram betri nýtingu fjármuna og fylgni við lög og reglur í samræmi við stefnumörkun borgarstjórnar.

#### Hlutverk:

Hlutverk áhættunefndar er að hafa yfirsýn og eftirlit með framkvæmd áhættustjórnunar hjá Reykjavíkurborg. Nefndin vakti helstu áhættur Reykjavíkurborgar og upplýsir borgarráð og borgarstjórn eftir atvikum. Hlutverk nefndarinnar er að bregðast við ef viðmið um áhættur og mælikvarða fara yfir eða stefni yfir þau mörk sem sett hafa verið.

Hlutverk nefndarinnar er að styðja við áhættustjóra og tryggja umboð hans til athafna innan borgarinnar og stuðla að framgangi verkefna skv. samþykktari starfsáætlun. Nefndin tryggir jafnframt stuðning og eftirfylgni við stjórnendur vegna áhættustýringar.

#### Helstu verkefni/viðfangsefni:

Yfirfara og afgreiða starfsáætlun áhættustjóra

Forgangsráða verkefnum og áherslum á sviði áhættustýringar

Setja í farveg verkefni á sviði áhættustýringar

Taka til umfjöllunar reglubundnar skýrslur með lykilupplýsingum um helstu áhættur

Taka til yfirferðar áhættumöt er varða meginferla Reykjavíkurborgar

Setja fram áhættuviðmið og mælikvarða

Taka til yfirferðar áhættumöt er varða áhættur í rekstri B-hluta fyrirtækja og snúa að eigendafyrirsvari A-hluta

Taka til yfirferðar áhættustefnu með reglubundnum hætti

#### Áhættunefnd:

Einar Þorsteinsson, formaður.

Dagur B. Eggertsson.

Þorsteinn Gunnarsson.

Halldóra Káradóttir.

#### Starfsmaður áhættunefndar:

Stefanía Sch. Thorsteinsson.



**Til ráðgjafar og samstarfs:**

Endurskoðunarnefnd, innri endurskoðandi, ytri endurskoðendur, sviðsstjórar, fjármálastjórar, áhættufulltrúar fagsviða. Nefndin leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

**Starfstímabil og skil:**

Áhættunefnd er skipuð til 31. maí 2026.

Einar Þorsteinsson,  
borgarstjóri.